

## Byggðaráðstefna 2018

**Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar**

### **Umhverfismál og áhrif þeirra á byggðamál.**

Ráðherra, forstjóri Byggðarstofnunar, ágætu ráðstefnugestir.

Hér í Stykkishólmi, og á Snæfellsnesi öllu, eru umhverfismál okkur hugleikin og hér hefur lengi verið lagt kapp á að efla umhverfisvitund meðal íbúa, beint og óbeint, enda teljum við að það séu bein tengsl á milli aukinnar umhverfisvitundar og bættra lífsgæða, sem svo leiðir af sér bætt búsetuskilyrði hér á svæðinu. Byggðamál og umhverfismál eru þannig viðfangsefni sem haldast í hendur.

Stykkishólmsbær hefur í gegnum tíðina reynt að leggja sitt af mörkum til umhverfismála. Í nóvember 2007 ritaði til að mynda Stykkishólmsbær undir samning við Íslenska gámafélagið um hirðu á tunnum fyrir lífrænan og endurvinnanlegan úrgang ásamt því að jarðgera lífrænan úrgang. Og í janúar árið 2008 byrjuðu íbúar Stykkishólmsbæjar að flokka allt sitt rusl í þrjár tunnur, **fyrst bæjarfélaga á Íslandi!** Hefur þessi ákvörðun enn gríðarlega jákvæð áhrif á samfélagið í Stykkishólmi og í kjölfarið hafa mörg bæjarfélög fylgt fordæmi Stykkishólmsbæjar hvað þetta varðar. Íbúar leggja því sitt af mörkum, með beinum hætti, við að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum úrgangs á sama tíma og umhverfisvitund íbúa eykst.

### ***Sérstaða Stykkishólms og Snæfellsness í umhverfismálum***

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa verið vottuð af Earth Check samtökunum núna í 10 ár, en undirbúningur verkefnisins hófst árið 2002, þá sem Green Globe. Frá þeim tíma var unnið að því að mæta markmiðum vottunarinnar sem loks tókst árið 2008.

Earth Check vottunin er **umhverfisstjórnunarkerfi** sem heldur m.a. utan um orkunotkun, vatnsotkun, notkun skaðlegra efna, stærð verndarsvæða, flatarmál grænna svæða, innkaup á umhverfismerktum vörum ásamt öðrum umhverfis-, félags- og menningarlegum þáttum.

Earth Check vottunin er hins vegar ekki átaksverkefni, heldur langtímaverkefni, og verða sveitarfélögin sífellt að bæta frammistöðu sína frá ári til árs með tilliti til umhverfismála til þess að halda vottuninni og geta sannað með rekjanlegum hætti að verkefni í þágu bættrar umgengni við umhverfið hafi verið framkvæmd.

Þetta merkilega umhverfisstarf sveitarfélaganna hefur vakið verðskuldaða athygli innan land sem utan, enda er Snæfellsnesið **fyrsta svæðið í Evrópu til að hljóta slíka vottun** og það fjórða í heiminum öllum.

Fleiri verkefni má benda á sem ráðist hefur í hér í Stykkishólmi. Umhverfishópur Stykkishólms fékk m.a. í ársbyrjun 2014 styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til að ráðast í tilraunaverkefni sem felur í sér að gera Stykkishólm að burðarplastpokalaus sveitarfélagi. Í dag erum við í Stykkishólmi ekki alveg laus við burðarplastpoka, ekki enn, en við erum á réttri leið og árangurinn er augljós.

Þá er Ásbyrgi hér í Stykkishólmi gott dæmi um það hvernig unnið er markvisst að því að draga úr myndun úrgangs með því að endurnýta hluti, en í Ásbyrgi er rekin dagþjónusta og vinnustofa fyrir fólk með skerta starfsgetu. Starfsfólk Ásbyrgis sérhæfir sig í að glæða gamla hluti nýju lífi og í stað þess að kertaafgangar, tóm sprittkerti, gömul og ónýt föt og svo mætti áfram telja endi sem sorp taka þau þennan efnivið og nýta til að skapa varning sem þau m.a. selja í nytjamarkaðinum sínum.

Allt þetta sýnir okkur það að hér í Stykkishólmi og á Snæfellsnæsi öllu eru höfð græn gildi að leiðarljósi, og hér er aðeins stiklað á því stærsta. Hólmarar og Snæfellingar allir eru ávallt tilbúnir að stíga þau skref til viðbótar sem til þarf til að bæta umhverfi sitt og samfélag.

Tilnefning Snæfellsness til umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs árið 2014, val þess sem einn af 100 grænustu áfangastaða heims sama ár og EDEN verðlaun Stykkishólmsbæjar 2011 eru viðurkenningar sem öll bera þess merki að við séum á réttri leið.

### ***Hver er ávinningurinn?***

Öllum er ljóst mikilvægi umhverfisvitundar og sýna umhverfi okkar virðingu og alúð. Með aukinni umhverfisvitund eykst umhyggja einstaklinga gagnvart umhverfinu og staðsetur þá innan umhverfisins, sem þá þátttakanda í órjúfanlegri heild náttúru jarðar, en ekki einungis sem notanda hennar og áhorfanda.

Skýr stefnumótun í Stykkishólmi og á Snæfellsnesinu öllu í umhverfismálum hefur aukið umhverfisvitund okkar á svæðinu og hefur þannig bætt búsetuskilyrði okkar, eftt samfélagið og er rík umhverfisvitun nú stór hluti af okkar menningu. Og hver er ávinningurinn?

Fjölmargir hafa til dæmis nefnt það við mig hvað þeim finnst bæjarstæðið í Stykkishólmi fallegt, hvað höfnin er falleg - hvað umhverfið í Stykkishólmi er fallegt. Sömu sögu er eflaust að segja frá öllu Snæfellsnesi. Það hefur ekki gerst af sjálfu sér heldur er það afrakstur stöðugar stefnumótunar með framsýni að leiðarljósi, ekki síst í umhverfismálum. **Áherslur á umhverfismál styðja nefnilega einmitt við náttúruna og fegurðina og smitar áhersla á umhverfismál upplifun þeirra sem bæinn sækja.** Þessi áhersla á umhverfismál og upplifun þeirra sem svæðið sækja hefur án efa haft mikið að segja í þeirri þróun að nú sækir ungt fólk í að flytja hingað á svæðið og finnst umhverfið og lífið hér aðlaðandi. Það að íbúar hugsi um sitt nærumhverfi gefur svæðinu jákvæða ímynd og hefur gert svæðið að eftirsóknarverðum íverustað bæði fyrir íbúa og aðra gesti.

Rannsóknir hafa einnig sýnt að tengls eru á milli aukinnar umhverfisvitundar og útvistar, t.a.m. í tíðni gönguferða og aukinnar hreyfingar. Á þeim grunni geta sveitarfélög með aukinni áherslu á umhverfismál aukið umhverfisvitund og þannig stuðlað að aukinni útvist, hreyfingu og vellíðan íbúa, sem bætir heilbrigði, lengir líf og bætir lífsgæði íbúanna í samfélaginu. Með öðrum orðum geta sveitarfélögin aukið lýðheilsu íbúanna með því að leggja áherslu á umhverfismál í sinni stefnumótun! Það er því til mikils að vinna!

Vissulega stöndum við frammi fyrir áskorunum, við viljum ávallt ná lengra, en á meðan við höldum áfram að taka eitt skref í einu í átt að betra samfélagi, eins og við höfum verið að gera, þá verður framtíðin í góðum höndum. Þegar við lítum yfir farinn veg sjáum við hvað við höfum náð langt. Með sama hugarfari náum við enn lengra!